



Grundarfjarðarbær
Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsmála og skipulagsfulltrúi
Kristín Þorleifsdóttir
Borgarbraut 16,
350 Grundarfjörður

Stykkishólmi 22. september 2022

Efni: Viðbótarumsögn vegna tillögu að deiliskipulagi Skerðingsstaða, Grundarfjarðarbæ

Breiðafjarðarnefnd sendi umsögn vegna tillögu að deiliskipulagi Skerðingstaða, Grundarfirði, þann 15. september. Í umsögninni hélt Breiðafjarðarnefnd fram að óvissa væri enn um stöðu Lárvaðals varðandi laga um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995. Eftir frekari athugun telur Breiðafjarðarnefnd að staðan hafi skýrst og ákvað því að senda viðbótarumsögn til sveitarfélagsins.

Í umhverfis- og framkvæmdaskýrslu vegna deiliskipulags á Skerðingsstöðum er því haldið fram að „strandlína Breiðafjarðar ligg[er] utan við Lárvaðal, sem er manngert lón, og því munu framkvæmdir á deiliskipulagssvæði hafa lítil áhrif á verndarsvæði Breiðafjarðar”¹. Eftir frekari athugun Breiðafjarðarnefndar telur hún að þessi fullyrðing standist ekki, því Lárvaðall sé hluti af Breiðafirði og verndarsvæði Breiðafjarðar.

Aðalskipulag Grundarfjarðarbæjar


Mynd 1 er tekin úr aðalskipulagi Grundarfjarðarbæjar². Lárvaðall er þar skráður í sama flokk og strandlengja Breiðafjarðar, þ.e.a.s. V-1.

¹ Zeppelin Arkitektar. (2022). Hótel á Skerðingsstöðum í Eyrarsveit. Umhverfis- og framkvæmdaskýrsla vegna deiliskipulags á Skerðingsstöðum.

<https://www.grundarfjordur.is/static/files/Byggingarfulltrui/Deiliskipulag/skerdingsstadir-umhverfis-ogframkvaemdarskyrsla-090722.pdf> bls. 18.

² Grundarfjarðarbær. (2021). *Aðalskipulag Grundarfjarðarbæjar 2019 – 2039*.

<http://skipulagsaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=036375565528642440701>, bls. 97.



Mynd 1: Svæði skilgreind sem vötn, ár og sjór (V) í aðalskipulagi Grundarfjarðarbæjar.

Flokkur V-1 er skilgreindur á eftirfarandi hátt í aðalskipulagi Grundarfjarðarbæjar:

Fjörur og strandsvæði. Fjörur og strandsvæði meðfram öllu landi, eyjum og skerjum innan sveitarfélagsins.

(Aðalskipulag Grundarfjarðarbæjar 2019 – 2039, bls. 97)

Svæði sem falla undir V-1 njóta verndar samkvæmt lögum um vernd Breiðafjarðar.

Vatnshlot 101-620-T

Lárvaðall gengur undir nafninu Lárósvatn í skráningarkerfi ríkisstofnana. Öll vötn og hafsvæði eru skráð með vatnshlotanúmeri. Vatnshlot eru grunneiningar og forsenda allrar stjórnunar vatnamála. Öllu vatni (bæði yfirborðs- og grunnvatni) er skipt upp í vatnshlot byggt á landfræðilegum og vatnafræðilegum forsendum. Lárvaðall hefur vatnshlotanúmerið 101-620-T og er árósvatn samkvæmt vatnaskrá. Lárvaðall er innan verndarsvæðis Breiðafjarðar³. Lög um vernd Breiðafjarðar gilda við allar framkvæmdir við verndarsvæðið.

Lög um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995 og lög um náttúruvernd 60/2013

Skerðingsstaðir eru á og við verndarsvæði Breiðafjarðar. Tilgangur laga um vernd Breiðafjarðar er „að stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja“⁴. Verndun Breiðafjarðar undirstrikar mikilvægi svæðis fyrir bæði náttúru og menningarminjar. „Ákvæði laganna [um vernd Breiðafjarðar] taka til allra eyja, hólma og skerja á Breiðafirði ásamt fjörum í innri

³ Vatnavefsjá. (2022). Lárósvatn Vatnshlotanúmer (ID) 101-620-T. <https://vatnavefsja.vedur.is/#/waterbody/101-620-T>

⁴ Lög um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995. <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1995054.html>, 1. grein.



BREIÐAFJARÐARNEFND

hluta fjarðarins sem markast af línu dreginni frá Ytranesi á Barðaströnd við fjörðinn norðanverðan í Hagadrápsker um Oddbjarnarsker, Stagley og Höskuldsey í Vallabjarg að sunnanverðu”⁵.

Framkvæmdaaðilinn þarf líka að gæta ákvæða laga nr. 60/2013 um náttúruvernd við gerð framkvæmdatillögunnar. Samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd ber að forðast að raska votlendi⁶.

Þá þarf að líta til 54. gr. laga um náttúruvernd sem vísa í starfsemi og framkvæmdir utan friðlýsts svæðis⁷.

Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt. Setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfseminni eða framkvæmdunum á hinu friðlýsta svæði. Um aðra starfsemi og framkvæmdir gildir aðgæsluskylda skv. 6. gr.

(Lög um náttúruvernd nr. 60/2013)

Bæði lög um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995 og lög um náttúruvernd nr. 60/2013 tryggja að viðkvæm votlendi eru vernduð til framtíðar. Breiðafjarðarnefnd bendir á að framkvæmdin í landi Skerðingstaða þarf að gæta þess að valda ekki skaða á landslagi, jarðmyndanir, lífríki og menningarmínjar Breiðafjarðar, sem allt er að finna á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.

Niðurstaða

Niðurstaða Breiðafjarðarnefndar er að Lárvaðall er hluti af Breiðafirði og innan verndarsvæðis Breiðafjarðar. Lárvaðall, sem er kallaður Lárósvatn í kerfi vatnamála, er skilgreindur sem árósvatn og er skráður í undirflokk strandvatna í vatnshlotaskránni. Breiðafjarðarnefnd ítrekar að tilgangur laga um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995 er að stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarmínja⁸. Framkvæmdasvæðið í landi Skerðingsstaða er við og á verndarsvæði og þarf að taka tillit til verndarsvæðis.

Virðingarfyllt,

Fh. Breiðafjarðarnefndar

Erla Friðriksdóttir,

⁵ Ibid., 2. grein.

⁶ Lög um náttúruvernd nr. 60/2013. <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2013060.html>, 61. grein.

⁷ Ibid., 54. grein.

⁸ Lög um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995. <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1995054.html>, 1. grein.